

# Lög foreldrafélags Leikskólans Smábæjar og Grunnskólans í Hrísey.

**1. grein** Félagið heitir Foreldrafélag Grunnskólans og leikskólans Smábæjar. Heimili þess og varnarþing er í Hrísey. Félagsmenn teljast foreldrar og forráðamenn nemenda skólanna, foreldrar og forráðamenn fyrrverandi nemenda, ef þeir óska, svo og aðrir velunnarar skólanna. Félagsgjöld eru engin en foreldrum er frjálst að greiða styrk til félagsins.

**2. grein** Markmið félagsins er:

- a) að stuðla að vellíðan allra nemenda skólanna og tryggja gott samband milli skólanna og foreldra/forráðamanna þeirra barna er þar stunda nám
- b) að stuðla að framkvæmdum í þágu skólanna
- c) að halda fundi þar sem fjallað er um ýmis uppeldisfræðileg efni
- d) að örva og styðja félagsstarf og menningarlíf innan skólanna

**3. grein** Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir 15.maí ár hvert og telst hann löglegur ef boðað er til hans bréflaga eða með tölvupósti með a.m.k. 3ja daga fyrirvara. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Skýrsla formanns um störf félagsins á liðnu starfsári.
2. Lagðir fram reikningar félagsins
3. Kosningar.
4. Önnur mál.

**4. grein** Á fyrsta aðalfundi skal kjósa einn tengilið úr hópi foreldra eða forráðamanna fyrir hvern samkennsluhóp grunnskólans og leikskólans. Tengiliðirnir mynda stjórn félagsins, sem skiptir sjálf með sér verkum. Þá skal og kjósa varamenn með sama hætti. Varamenn skulu næsta ár ganga upp í aðalstjórn og þá kosnir 3 nýir til vara.

**5. grein** Stjórn félagsins skal halda minnst 2 stjórnarfundum árlega. Stjórnin hafi samráð og samvinnu við starfslíð skólans og stuðli að góðri samvinnu foreldra/forráðamanna nemenda skólans. Skólastjóri eða staðgengill hans hefur rétt til setu á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt og skal boðaður á sama hátt og aðrir stjórnarmenn.

**6. grein** Stjórn félagsins skal ekki sinna klögumálum eða hafa afskipti af vandamálum sem upp kunna að koma milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans.

**7. grein** Ef fjórðungur félagsmanna óskar með undirskrift að haldinn verði félagsfundur er stjórn félagsins skylt að verða við þeirri ósk. Slíkan fund skal halda innan tveggja vikna frá því óskin kemur fram.

**8. grein** Hætti félagið að starfa renna eigur þess til Leikskólans Smábæjar og Grunnskólans í Hrísey.

**9. grein** Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi, hafi breytingartillögur verið kynntar með aðalfundarboði og þarf 2/3 hluta atkvæða til þess að breytingin nái fram að ganga.

Hrísey 26. maí 2009.